

15. Frumvarp

til laga um einkaleyfi.

(Lagt fyrir Alþingi 1919).

1. gr.

Einkaleyfi er rjett að veita fyrir nýjum uppgötvunum eða upphugsunum, er hagnýttar verða í iðnaði, eða er framleiðslu þeirra má reka sem iðn.

Enginn má þó öðlast einkaleyfi fyrir

1. uppgötvunum, er eigi verða taldar að hafa neitt verulegt gildi;
2. uppgötvunum, er notkun þeirra kemur í bága við lög, siðgæði eða allsherjarreglu;
3. nýfundnum læknilyfjum, svo og hverju því, er upphugsað er til

neytlu, hvort heldur það á að vera til næringar eða nautnar einnar; þó má veita einkaleyfi fyrir sjerstakri aðferð við tilreiðslu slíkra hluta.

Uppgötvun telst ekki ný uppgötvun, ef hún hefir, áður en einkaleyfis var beiðst, verið leidd þannig í ljós í riti eða endursmið, sem almenningi er heimilt að kynna sjer, eða verið höfð svo opinberlega um hönd í ríki þessu, sýnd á sýningu (sbr. þó 23. gr.), eða höfð til sýnis þeim er sjá vildu, að þeir er vit hafa á, geta framleitt hana eftir því.

Til rita, er almenningi er heimilt að kynna sjer, teljast ekki í skilningi laga þessara lýsingar á uppgötvunum, er lagðar eru fram til sýnis almenningi í ríki þessu, samkvæmt 13. gr. laganna, eða í erlendu ríki samkvæmt samskonar lagaákvæði.

Að áskildu gagnkvæmi, getur konungur ákveðið, að uppgötvanalýsingar, er gefnar eru út embættislega í erlendu ríki, skuli ekki fyr en að tilteknum tíma liðnum, teljast til rita, er almenningi er heimilt að kynna sjer, í skilningi laga þessara.

2. gr.

Rjett er að veita einkaleyfi fyrir breytingum á uppgötvunum, sem áður er fengið einkaleyfi fyrir, ef svo mikið kveður að breytingum þessum, að þær megi í sjálfu sjer teljast uppgötvanir.

Slíkt einkaleyfi nefnist aukaleyfi, og skal í því berum orðum vísað til frumleyfisins, að því viðbættu, að aukaleyfið veiti ekki leyfishafa rjett til að hagnýta sjer aðaluppgötvunina.

3. gr.

Rjett til að öðlast einkaleyfi hefir fundningarmaður einn, eða sá, er löglega hefir eignast rjett hans samkvæmt fyrirmælum laganna um tilfærslu eigu-rjettinda. Skuldheimtumenn mega eigi leita fullnægingar í rjetti til að öðlast einkaleyfi; en í rjetti þeim, er einkaleyfi veitir, má fullnægingar leita.

Nú beiðast fleiri en einn einkaleyfis fyrir einni og sömu, eða nálega sömu, uppgötvun, og gengur sá fyrir hinum til að öðlast leyfið, sem fyr eða fyrst hefir borið upp beiðni um það.

Nú beiðist maður, sem er í þjónustu ríkisins, einkaleyfis fyrir uppgötvun, er ætla má að honum hafi hugkvæmst að öllu eða einhverju leyti fyrir starf sitt þar, og má hann ekki, án samþykkis hlutaðeigandi ráðherra, öðlast leyfið meðan hann er í ríkisþjónustu og í 3 ár eftir það er hann ljett af henni.

4. gr.

Einkaleyfi skal veita fyrir 5 ár, og er talið frá dagsetningu leyfisbrjefsins. Endurnýja má leyfið og lengja tvisvar, í bæði skifti um 5 ára skeið frá lokum næsta tímabils á undan.

Nú er gjörð breyting á uppgötvun, sem einkaleyfi er fengið fyrir, og getur leyfishafi þá öðlast viðbótarleyfi fyrir breytingunni, og liður það á enda jafnsnemma og frumleyfið.

5. gr.

Án samþykkis einkaleyfishafa, má enginn gera sjer atvinnu eða gróða af því:

1. að tilbúa, flytja að eða hafa til sölu hlut þann, er einkaleyfður er, eða tilreiddur með einkaleyfðri aðferð;
2. eða að nota hina einkaleyfðu aðferð.

Þó má án tillits til einkaleyfis:

1. nota hluti, er fylgja samgöngutækjum úr öðrum löndum, i sambandi við tækin sjálf, þá er þau eru um stundarsakir hjer á landi, og
2. nota til langframa hluti, er fylgt hafa hingað og heyrtil samgöngutækjum, sem keypt hafa verið i útlöndum fyrir islenskt fje eða handa islensku skipi, sem bilað hefir á sjó og gjört hefir verið að i útlöndum.

6. gr.

Einkaleyfi verður ekki beitt gegn þeim, er farinn var að nota uppgötvunina hjer á landi, áður en beiðni um einkaleyfi var borin upp, eða búið hafði sig undir það til hlitar að kalla.

Nú hefir einhver framið slíka notkun eftir það, er einkaleyfisbeiðni var borin upp, og má þá koma fram ábyrgð á hendur honum fyrir ágang á einkaleyfisrjett (sbr. 20. gr.), svo framarlega sem honum hefir verið kunnugt um, er hann tór að nota uppgötvunina, að einkaleyfisbeiðni hafði verið borin upp, eða hann hefir haldið áfram því, er hann var byrjaður á, eftir það er hann varð þessa vísari. Nú hefir auglýsing farið fram samkvæmt 13. gr., og skal þá hafa fyrir satt, að hverjum og einum sje kunnugt um, að beiðni hafi verið borin upp.

7. gr.

Fyrir einkaleyfi hvert skal greiða 50 króna gjald til rikissjóðs. Fyrir endurnýjun einkaleyfis skal greiða 300 króna gjald, en 600 króna gjald, ef endurnýjað er i annað sinn.

8. gr.

Ákveða má með konungsúrskurði, að hið ópinbera skuli, án samþykkis einkaleyfishafa, mega nota einkaleyfða uppgötvun mót endurgjaldi.

Nú lætur einkaleyfishafi liða svo 3 ár frá því er leyfið er útgefið, að hann kemur ekki uppgötvuninni i framkvæmd innan rikisins, að svo miklu leyti sem ætlast verður til með sanngirni, annaðhvort sjálfur, eða aðrir hans vegna, og er honum skylt að veita öðrum leyfi til að nota uppgötvunina i iðn sinni, ef þess er beiðst, mót endurgjaldi.

Þá er liðin eru þrjú ár frá því, er einkaleyfisbrjef var gefið út, er einkaleyfishafa sömuleiðis skylt að leyfa notkun einkaleyfisins þeim, er hefir yngra einkaleyfi fyrir uppgötvun, sem er mjög mikilsvarðandi fyrir iðnaðinn, en ekki er unt að hagnýta án þess að nota eldra leyfið, enda komi endurgjald fyrir. Þegar svo lagað leyfi er veitt, er eiganda eldra einkaleyfisins hins vegar heimilt að nota uppgötvun þá, er seinna varð einkaleyfð, gegn endurgjaldi.

Ráðherra atvinnumálanna sker úr því, hvort skilyrði eru til þess, að öðlast leyfi til að nota einkaleyfi annars manns, samkvæmt lagagrein þessari. Sá, sem ber slíkt mál upp, greiði gjald að upphæð 100 kr. Úrskurði ráðherrans má, innan þriggja mánaða frá því er hann var uppkveðinn, skjóta til dómstólanna, að því er snertir skilning þann á lögnum, sem úrskurðurinn er bygður á.

Grein þessi nær ekki til einkaleyfa, sem eru eign hins opinbera.

Að áskildu gagnkvæmi, getur konungur samið svo um við önnur ríki, að það skuli eigi hafa lögmæltar afleiðingar, þótt uppgötvun komist eigi í framkvæmd í ríki hjer.

9. gr.

Endurgjald það, er einkaleyfishafa ber samkvæmt 8. gr., skal ákveðið með mati óvilhallra manna, ef ekki næst samkomulag.

Nú er endurgjald ákveðið þannig, að greiða skuli tiltekna fjárhæð eitt skifti fyrir öll, og skal inna hana af hendi áður en farið er að nota uppgötvunina.

Sje afgangur ákveðið, skulu matsmennirnir, ef einkaleyfishafi fer þess á leit, einnig tiltaka gjalddaga á því og ákveða hverja tryggingu setja skuli fyrir skilvíslegri greiðslu þess.

Afgangur það, er ákveðið er með mati eða úrskurði atvinnumálaráðherrans, má innheimta með lögtaki.

10. gr.

Það á undir atvinnumálaráðherrann, að gera út um einkaleyfisumsóknir.

Sá, sem vill beiðast einkaleyfis fyrir uppgötvun, á að senda ráðuneytinu:

1. beiðni um einkaleyfi, er stíluð sje til ráðuneytisins og tvirituð;
2. lýsing á uppgötvuninni, tvritaða;
3. ennfremur uppdrátt, ef með þarf til þess að lýsingin skiljist, og eiga sömu-leiðis að vera tvö eintök af honum; eftir atvikum ber einnig að senda fyrirmynd, sýnishorn o. fl.;
4. yfirlýsing um það, hvort beiðst hefir verið einkaleyfis í öðru ríki, er veitir einkaleyfi að rannsókn framfarinni.

Áður en umbeðið leyfi sje veitt, ber umsækjanda auk þessa, að færa sönnur á, að skilyrðum þeim sje fullnægt, er sett eru í 1., 2. eða 4. gr. laga þessara. Ráðuneytið ákveður, hver skirteini sje nauðsynleg í því efni, og getur það tekið gilda úrskurði stjórnarvalda, er fara með einkaleyfismálefni í ríkjum, þar sem einkaleyfi eru veitt að undangenginni rannsókn.

11. gr.

Í beiðninni skal greina nafn beiðanda, stöðu og heimili, svo og tákna uppgötvunina, eins og ætlast er til að hún eigi að verða nefnd í leyfinu. Beiðandi skal og segja til hver fundningarmaður er; ef það er annar en sjálfur hann, ber honum að leiða fullnægjandi rök að því, að hann sje löglega að rjetti hins kominn.

Lýsingin á að vera svo glögg og fullkomin, að þeir, sem þekkingu hafa til að bera, þurfi ekki frekari leiðbeiningar við til að framleiða og nota upp-

götvunina. Þar á að vera ljós skilgreining á því, sem beiðandi telur vera uppgötvun og vill því fá verndað með einkaleyfi. Uppdrættir skulu vera greinilegir og haldgóðir og þannig, að allir heildarpartar, sem drepíð er á í lýsingunni, komi fram í þeim, enda eiga þeir í lýsingu og uppdraetti að vera táknadír með sömu bókstöfum eða tölum.

Nú vill maður beiðast einkaleyfis fyrir fleiri uppgötvunum en einni, og er hver annari óháð, og skal hann þá bera upp sína beiðni fyrir hverja uppgötvun.

12. gr.

Beiðninni skal fylgja yfirlýsing beiðanda um, að hann játist undir íslensk lög í öllum málum, er varða hið íslenska einkaleyfi, og lofi að svara til sakar í lögsagnarumdæmi Reykjavíkurbæjar. Nú er beiðandi ekki heimilisfastur hjer á landi eða lætur af heimilisfangi hjer, enda hafi hann ekki sagt ráðuneytinu til einhvers, er hjer sje heimilisfastur og hafi umboð fyrir hann, eða umboð fellur úr gildi, og er þá rjett, að senda tilkynningar allar, er snerta einkaleyfið, svo og stefnur til rjettarhalda hjer á landi í ábyrgðarbrjefi, er sent sje atvinnumálaráðuneytinu til framskila og beri utanáskrift beiðanda eða umboðsmanns hans erlendis, samkvæmt því, sem sagt hefir verið til í beiðninni eða síðar tilkynt ráðuneytinu. Bæjarfógetinn í Reykjavík tiltekur stefnufrestinn, þá er stefnt er á þennan hátt.

13. gr.

Ef beiðni um einkaleyfi er ekki með þeim frágangi, sem fyrirskipað er í 10.—12. gr., setur ráðuneytið beiðanda hæfilegan frest til að ráða bót á því, sem áfátt er.

Þegar beiðnin er í rjettu lagi, lætur ráðuneytið birta stutturða auglýsingu nm að hún sje komin því í hendur, og skal þar getið nafns beiðanda, stöðu hans og heimilis og uppgötvunin nefnd á nafn. Jafnframt skal beiðnin með fylgigögnum lögð fram hjá ráðuneytinu til sýnis almennungi. Beiðandi á heimting á, að auglýsingu og framlengingu sje frestað í 6 mánuði, frá því er beiðnin var afhent.

14. gr.

Í 12 vikur frá birtingu auglýsingar, er sjerhverjum frjálst að gefa sig fram við ráðuneytið og hreyfa mótmælum gegn því, að einkaleyfi verði veitt, hvort sem nú mótmælin eru bygð á því, að til þess bresti almenn skilyrði eða því er haldið fram, að leyfisveiting mundi koma í bága við einkarjett mótmælanda. Mótmæli skulu vera skrifleg og rökstudd, og á að gefa leyfisbeiðanda kost á að segja álit sitt um þau.

15. gr.

Nú synjar ráðuneytið beiðanda um einkaleyfið, en hann telur synjunina ekki vera á rökum bygða, og á hann þá heimting á, að málið verði tekið upp aftur og rannsakað á ný, ef hann fer þess á leit við ráðuneytið innan 12 vikna frá því er hann ljekk frá því tilkynning um úrslitin, og gerir grein fyrir málaleitun sinni.

16. gr.

Nú hefir ráðuneytið úrskurðað, að veita megi einkaleyfi, og skal það tilkynnt beiðanda og honum jafnframt tjáð, að honum beri að útleysa einkaleyfið innan 3 vikna frá því er honum barst tilkynningin. Ráðuneytið auglýsir að leyfið sje útleyst, þegar það er gert.

17. gr.

Ráðuneytið heldur skrá yfir öll einkaleyfi, sem út eru gefin, og skal þar geta um aðaletni hvers einkaleyfis og dagsetning; en frá henni telst gildi þess, svo og nafn, stöðu og heimili einkaleyfishafa og umboðsmanns hans, ef nokkur er.

Þegar einkaleyfistíminn er á enda, eða einkaleyfi fellur niður, eða er metið ógilt að öllu eða nokkru leyti, skal þess getið í einkaleyfaskránni.

Sömuleiðis skal geta þess í skránni, er ráðuneytinu berst tilkynning um skilríki fyrir, að einkaleyfi hafi verið framselt öðrum, eða höfð hafi verið umboðsmanniaskifti. Meðan ekki er komin tilkynning um slíkt, má höfða mál út af einkaleyfinu á hendur hinum fyrri einkaleyfishafa eða umboðsmanni.

Heimilt er hverjum og einum að kynna sjer bæði einkaleyfaskrána og umsóknir þær, lýsingar og annað, er snertir útgefin einkaleyfi.

18. gr.

Auglýsingar frá ráðuneytinu um einkaleyfi skulu birtar í blaði því, sem ætlað er að flytja opinberar auglýsingar.

19. gr.

Nú telur einhver, að einkaleyfi komi í bága við rjett sinn, eða við 1. gr. 3. lið í lögum þessum, og að því heíði ekki átt að veita það, eða veita það innan þrengri takmarka, en gert hefir verið, og getur hann þá höfðað mál til ógildingar einkaleyfinu á heimilisþingi, eða umsömdu varnarþingi, einkaleyfishafa eða umboðsmanns hans í ríki hjer, sbr. 12. gr.

Í hvert skifti sem dæmt er, að einkaleyfi sje niður fallið eða ógilt, ber dómstólnum að senda ráðuneytinu afrit af dónum.

20. gr.

Hver sá, er gengur á rjettindi þau, er einkaleyfi veitir (5. gr.), er skyldur að bæta þeim, er fyrir ágangi verður, alt það tjón, er hann af því biður, samkvæmt almennum skaðabótareglum; munir þeir, er ólöglega hafa verið aðfluttir, tilbúnir eða boðnir til kaups, skulu látnir af hendi við hann, ef hann krefst þess, gegn því að hann greiði andvirði þeirra, eða að það sje látið koma upp í skaðabætur þær, er honum bera. Ef hlutaðeigandi hefir af ásettu ráði gengið á einkaleyfisrjettinn, skal honum refsað með sekt, alt að 2000 kr., og ef hann ítrekar brotið, með sekt, alt að 4000 kr., eða fangelsi.

21. gr.

Mál, sem höfðuð eru í því skyni að koma fram hegningu eftir 20. gr., skulu rekin sem einkalögglumál.

Nú er því haldið fram í málinu, að einkaleyfið sje niðurfalið eða ógilt, og ber að leggja dóm á það atriði, svo framarlega sem sekt eða sýkna hins kærða er undir því komin.

Bæði hegning og skaðabætur falla niður, ef ágangur er ekki kærður innan árs frá því, er einkaleyfishafa varð kunnugt um hann, eða innan 3 ára frá því, er hann var framinn.

22. gr.

Lög þessi ná eigi til einkaleyfa, er veitt hafa verið eftir reglum þeim, er gilt hafa hingað til.

Með einkaleyfisumsóknir, sem bornar hafa verið upp, en ekki afgreiddar, áður en lög þessi ganga í gildi, ber að fara eftir reglum þeim, er gilt hafa til þessa og ber að veita einkaleyfi, ef til kemur, eftir sömu reglum.

23. gr.

Nú hefir uppgötvun verið sýnd á íslenskri sýningu, eða alþjóðasýningu hjer á landi, og á þá fundningarmaður heimting á að fá einkaleyfi fyrir henni, ef hann ber upp beiðni um það innan 6 mánaða frá því, er uppgötvunin var látin á sýninguna, og kemur þá eigi til greina, þó að uppgötvuninni hafi verið lýst svo á því tímabili, eða hún notuð svo sem segir í 3. lið 1. greinar. Með konunglegri tilskipun má ákveða, að hið sama skuli gilda um uppgötvanir, sem sýndar eru á alþjóðasýningum í öðru ríki.

Enn fremur má ákveða með konunglegri tilskipun:

1. að hver sá, er sótt hefir um einkaleyfi fyrir uppgötvun í öðrum ríkjum, er tilgreind sjeu, einu eða fleirum, skuli eiga heimting á að öðlast einkaleyfi fyrir hinnu sömu uppgötvun hjer á landi, ef hann beiðist þess innan 12 mánaða frá því er fyrsta beiðnin var borin upp, og það þótt uppgötvuninni hafi verið lýst svo á nefndu tímabili, eða hún notuð svo sem segir í 3. lið 1. greinar; og
2. að beiðni, sem þannig hefir verið borin upp hjer á landi, skuli standa svo að vígi gagnvart öðrum beiðnum, sem hafi hún verið borin upp jafnsnemma og sú hinna, er fyrst var borin upp í öðru ríki.

24. gr.

Ráðuneytið getur sett nánari reglur um afgreiðslu einkaleyfa, fyrirkomulag þeirra og efni, svo og um annað, er með þarf til að koma lögnum í framkvæmd.

25. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1920.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hjer á landi eru, enn sem komið er, ekki til lög um einkaleyfi. Konungur veitir einkarjett á uppgötvunum í iðnaði, samkvæmt 13. gr. stjórnarskrárinnar

og er þá farið eftir því, að hve miklu leyti og með hverjum skilyrðum slíkar veitingar tíðkuðust fyrir 1874; en í því efni er tíðum nokkur óvissa.

Það er ekki allítið um slíkar einkarjettarveitingar. Leyfisbrjef kostar 34 kr., og bætist nú þar við stimpilgjald 50 kr. Einkaleyfi eru veitt til 5 ára í senn, en þau má endurnýja tvisvar gegn sömu greiðslum, og getur leyfið þannig enst í 15 ár. Leyfið er bundið því skilyrði, að uppgötvunin verði komin í framkvæmd hjer á landi innan tiltekins tíma, en frá því má fá undanþágu með sjerstöku leyfisbrjefi.

Einkaleyfi eru ekki veitt fyrir öðrum iðnaðarlegum uppgötvunum en þeim, sem nýjar eru. Nú verður ekki úr því skorið, hvort uppgötvun er ný eða ekki, nema á undan sje gengin iðnfræðileg athugun, sem oftast nær er miklum erfiðleikum bundin, svo og rannsókn eldri einkaleyfa, og hefir því landstjórnin hingað til orðið að fara svo að, sem hjer segir:

Þegar sótt hefir verið um einkaleyfi, hefir beiðandi verið krafinn skýrslu um það, hvort einnig væri sótt um einkaleyfi í Danmörku. Hafi svo verið, þá hefir verið beðið eftir því, hvernig lyki iðnfræðilegri rannsókn hinnar dönsku einkaleyfanefndar og hefir leyfi því að eins verið veitt, að stjórninni hafi verið afhent hið danska leyfisbrjef.

Hafi beiðandi aftur á móti ekki sótt um danskt einkaleyfi, þá hefir stjórnarráðið tært sjer í nyt loforð, sem hin danska einkaleyfanefnd gaf því góðfúslega á sínum tíma, og sent nefndinni beiðnina og fengið síðan umsögn hennar um, hvort hjer væri um slíka nýja uppgötvun að ræða, að hún ætti skilið að fá einkaleyfisverndun. Á þennan hátt hefir að visu skapast venja, er vel hefir mátt una við; en alt um það þykir vera kominn tími til að skipa einkaleyfamálinu með lögum, meðfram til þess að skapa óyggjandi heimild fyrir reglum þeim, er nú gilda í þessum efnunum í heiminum. Svo mikilsvarðandi sem einkaleyfi eru fyrir vöxt og viðgang iðnaðarins í landinu, og því áriðandi að tjeðum reglum megi beita hjer, þá er ekki næg lagaheimild til þess, hvorki í 13. gr. stjórnarskrárinnar nje annars staðar.

Nú er lögskipa skal þessum málefnum, varðar það atriði mestu, á hvorri þeirra tveggja aðferða, sem ríkjandi eru í einkaleyfalöggjöf annara þjóða, grundvalla skuli hjerlent skipulag, en það eru tilkynningaradferðin og rannsóknaraðferðin. Hin fyrnefnda aðferð er höfð í Frakklandi og öðrum rómönskum löndum, og er í því fólgin, að látið er að mestu duga, að uppgötvunin sje tilkynt landsstjórnarvöldunum; þau leiða hjá sjer að rannsaka hvort í raun og veru sje um uppgötvun að ræða og hvort hún sje áður þekt og vernduð með einkaleyfi, en beiðnin er auglýst opinberlega, og verða svo þeir, sem hreyfa vilja mótmælum gegn henni, að leita rjettar síns fyrir dómstólunum með einkamálssókn.

Á Norðurlöndum, í Þýskalandi, Norður-Ameríku, Austurríki og nú orðið í Englandi er aftur höfð rannsóknaraðferðin, sem er í því fólgin, að einkaleyfi er ekki veitt, fyr en gengið er úr skugga um það með rannsókn af hálfu hins opinbera, að ný uppgötvun sje á ferðinni og að hún hafi eigi áður öðlast einkaleyfisverndun. Að jafnaði er einnig heimtað, að leyfisbeiðnin sje birt almenningi, og er það sama sem áskorun um að segja til meinbuga á henni; en aðal atriðið er rannsókn valdstjórnarinnar á einkaleyfishæfi uppgötvunarinnar, og er sú rannsókn venjulega gerð af einkaleyfanefnd, er skipuð er iðnfræðingum. Þó að nú einkaleyfi sje veitt, þá er ekki þar með loku fyrir það skotið, að sá, sem þykir rjett-

ur sinn fyrir borð borinn, geti borið það mál undir dómstólana; en tjeð aðferð hefir þann mikla kost, að rannsókn nefndarinnar mun nær undantekningarlaust veita tryggingu fyrir því, að nauðsynleg skilyrði sjeu fyrir hendi, svo og leiða til nákvæmrar orðunar og rjettrar takmörkunar á því, sem einkaleyfið felur í sjer, svo að það kemur tæplega fyrir, að dómstólarnir þurfi að hafa fyrir því að rannsaka hluti, sem eru svo sjerstaklegs eðlis og því erfiðir viðfangs; og að viðhafðri þessari aðferð veitir einkaleyfið fundningarmanni þá tryggingu og vissu, sem ekki fæst með hinni aðferðinni.

Auðvitað er sá annmarki á rannsóknaraðferðinni að hún útheimtir mikið og valið vinnulið. Rannsóknin verður að vera í höndum manna, er hafa til að bera sem fullkomnasta sjerþekkingu í öllum greinum iðnaðar og eiga kost á að gera nákvæman samanburð á einkaleyfisbeiðni þeirri, sem þeim er falin til at-hugunar, og einkaleyfum, sem til eru; en þau eru svo mörg út um löndin, að skiftir hundruðum þúsunda.

Að svo vöxnu máli kynni að þykja óhjákvæmilegt, að láta tilkynningar-aðferðina duga hjer á landi, með því að ekki er unt, enn sem komið er, að setja hjer á laggir tryggilega og sjálfstæða rannsókn einkaleyfisbeiðna. Landstjórnin getur þó ekki ráðið til, að þessi stefna verði tekin, og ber til þess að einu leyti, að með því væri dómstólunum fengið verkefni, sem yrði þeim mjög erfitt, og í öðru lagi væri það að hrjóta bág við þá tilhögun á verndun uppgötvana, sem búin er að ryðja sjer til rúms og sýna yfirburði sína í þeim löndum, er Ísland hefir mest samskifti við.

Landstjórnin er og þeirrar skoðunar, að takast megi að finna leið til að koma rannsóknaraðferðinni á hjer, svo að tryggilegt sje, án þess að stofnsett verði sjálfstæð innlend nefnd *iðn/ræðinga*. Einkaleyfanefndir í öðrum ríkjum eru komnar á það fullkomnunarstig, að þegar svo stendur á, sem nær altaf mun verða, að samtímis er sótt um einkaleyfi hjer á landi og í öðrum lördum, þá mun stjórnarráðið, er veita skal einkaleyfi, telja sjer óhætt að styðjast við rannsókn og úrskurð úr öðru ríki, er hefir fyllilega ábyggilegt rannsóknarfyrirkomulag. Afgreiðsla einkaleyfisbeiðnarinnar yrði þá, þegar svo stendur á — svo sem venja hefir verið hingað til — að biða til þess er umsækjandi hefði sannað rjett sinn til að öðlast einkaleyfi með því, að leggja fram einkaleyfisbrjef frá rannsóknarvaldi í öðru landi. Hitt yrði álitamál, sem stjórnarráðinu bæri að skera úr, *hver* einkaleyfisbrjef útlend meta skyldi gild sönnunargögn í þessu efni.

Ef það kæmi fyrir, sem sjaldan mundi, að beiðst væri einkaleyfis hjer á landi, en ekki annars staðar, þá yrði að krefja beiðanda óyggjandi sannana fyrir því, að uppgötvunin væri einkaleyfishæf. Stjórnarráðið yrði að skera úr því, hverjar sannanir skyldi heimta, en benda má á að gera mætti umsækjanda að skyldu, að útvega yfirlýsing frá einkaleyfanefnd í ríki með skyldri einkaleyfalöggjöf, um að uppgötvunin myndi þar vera talin einkaleyfishæf. Nú er þetta ekki undir því komið, hvort uppgötvunin hafi verið þekt eða vernduð í því landi, heldur rannsakar sjerhver einkaleyfanefnd hvort uppgötvun hafi nokkurs staðar verið auglýst eða einkaleyfð; og mun því t. d. yfirlýsing frá einkaleyfanefnd í Danmörku, Nor-egi eða Svíþjóð, bygd á áreiðanlegri rannsókn, í raun og veru veita íslensku stjórnarvaldi, er ekki hefir sjerþekkingu til að bera, næga leiðbeining til þess að skera úr því, hvort einkaleyfi eigi að veita hjer á landi eða eigi.

Stjórnin hugsar sjer þannig íslensk einkaleyfislög bygd á rannsóknarfyrir-

komulaginu, að því leyti, að lagt er til, að íslenskt einkaleyfi verði því að eins veitt, að fengin sje sönnun, er stjórnarráðið telur nægja, fyrir því, að uppgötvunin sje einkaleyfishæf. Slík sönnun mun nú að jafnaði verða fólgin í einkaleyfisbrjefum eða úrlausnum (responsa) frá einkaleyfanefndum í einhverju hinna annara norrænu ríkja, og mundi þegar af þessari ástæðu vera ráðlegt, að grundvalla íslensk einkaleyfislög í heild sinni á einkaleyfislögum þeirra ríkja, með þeim breytingum einum, sem nauðsynlegar kunna að þykja, að því er hjer hagar sjerstaklega til.

Fyrir þingið munu verða lagðar sjerprentanir af einkaleyfalögum hinna norrænu ríkja, þ. e. af lögum Svía frá 16. maí 1884 með áorðnum breytingum, lögum Dana frá 13. apríl 1894 ásamt viðaukalögum frá 29. mars 1901, og lögum Norðmanna frá 2. júlí 1910.

Lagafrumvarp þetta er í öllum aðalatriðum sniðið eftir nýnefndum lögum frændþjóða vorra, nema hvað það leiðir af því, sem áður er sagt, að slept hefir verið að setja í það ákvæði um stofnun sjerstakrar einkaleyfanefndar, en veiting einkaleyfa falin ráðherra atvinnumálanna.

Ennfremur hefir verið leitast við að gera fyrirkomulagið óbrotnara í ýms-um greinum, en annars staðar tíðkast, og mun því afgreiðsla slíkra mála ekki verða stórum umsvifameiri hjer eftir, en hingað til, þannig er meðal annars lagt til, að einkaleyfi verði, eins og tíðkast hefir, veitt fyrir 5 ár í senn, og í lengstu lög 15 ár alls; gjaldið sje 50 kr. fyrir fyrsta leyfið, 300 kr. fyrir hið næsta og 600 kr. fyrir hið síðasta. Að þessu leyti er frumvarpið frábrugðið öðrum norrænum einkaleyfalögum, því þau heimila einkarjett í 15 ár í einu lagi, fyrir árgjald, sem í fyrstu er lágt, en fer vaxandi árlega, eða eftir tiltekið árabíl. Slíkt fyrirkomulag mundi reynast erfíðleikum bundið hjer á landi, bæði fyrir einkaleyfishafa og yfirvöld. Þegar ákveða skal gjöldin, ber þess að gæta, að auk leyfisgjaldsins verður framvegis að greiða 50 kr. í stimpilgjald fyrir hvert leyfisbrjef.

Þá er lagt til að slept sje kröfu, sem gerð er í einkaleyfislögum annara þjóða, um að hafður sje umboðsmaður í landinu. Það mundi gera útlendum einkaleyfisbeiðendum óþarflega erfitt fyrir, og þess gerist síður þörf, er ákveðið er að greiða skuli gjaldið fyrir alt árabílið fyrir fram. Enn er lagt til, að útlendir einkaleyfishafar verði að gangast undir íslenska löggjöf og lofa að svara til sakar í Reykjavík, þótt eigi hafi þeir umboðsmann hjer á landi.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal tekið fram það, sem hjer fer á eftir.

Um 1. gr.

Hjer er í aðalatriðum farið eftir ákvæðum norsku einkaleyfislaganna um það, hvað vernda megi með einkaleyfi, þannig að einkaleyfi má einnig veita fyrir aðferðum við tilreiðslu fæðutegunda; en til þess er ekki heimild í hinum dönsku lögum.

Um 2. gr.

Ákvæðið um aukaleyfi er ekki til í norsku einkaleyfislögunum; en í löggjöf margra þjóða annara er slíkt ákvæði, og hjer er það tekið eftir dönsku einkaleyfislögunum. Munurinn á aukaleyfum og viðbótarleyfum þeim, sem nefnd eru í 4. gr., er sá, að viðbótarleyfi eru ekki veitt öðrum en fundningarmanni og að

þau falla niður jafnsnemma og frumleyfið; en aukaleyfi má veita öðrum, og hafa þau sjálfstætt gildi.

Um 7. gr.

Af því að gera má ráð fyrir, að ekki verði farið að endurnýja einkaleyfi, nema um mjög fjevænlegar uppgötvanir sje að ræða, hefir ekki þótt áhorfsmál að leggja það til, að leyfisgjöldin fyrir endurnýjanir sjeu látin vera svo há, sem hjer er tiltekið.

Um 8. og 9. gr.

Ákvæði þessi eru tekiu upp úr lögum Norðmanna. Þau virðast geta orðið að gagni, ef þeim yrði beitt við uppgötvanir, er stæðu í sambandi við slik stóriðnaðarfyrirtæki, sem hugsast getur að risi upp hjer á landi.

Um 10. gr.

Í einkaleyfalögum annara landa eru ákvæði um, að greiða skuli rannsóknargjald um leið og beiðst er einkaleyfis. Slikt ákvæði er ekki tekið í þetta frumvarp, af því að æskilegt þykir, að gjaldgreiðslan verði sem óbrotnust, enda ekki sanngjarnt, að heimta borgun fyrir rannsóknina, þegar lagareglan er sú, að umsækjandi á sjálfur að hafa fyrir að útvega sannanir fyrir því, að uppgötvunin sje einkaleyfishæf.

Um skilyrði þau, sem nefnd eru í 4. lið, vísast til framanritaðra athugasemda.

Um 12. gr.

Úr því að rjett þykir að undanþiggja erlenda einkaleyfisbeiðendur þeirri skyldu, að hafa hjerlenda umboðsmenn, þykir ekki ósanngjarnt, að heimila sjerstaka stefnuaðferð, þótt miður tryggileg sje, en hin tíðkanlega, því til þess að komast hjá óþægilegum afleiðingum af þeirri nýbreytni, þarf einkaleyfishafi ekki annað en segja til umboðsmanns.

Um 23. gr.

Ákvæði þessi miða til að koma á samræmi við millirikjasamninga um verndun eignarrjettar í iðnaði. Samningar þessir, sem Ísland hefir, enn sem komið er, ekki getað gengið inn í, eru Parísarsamningurinn frá 20. mars 1883 og samningarnir í Brüssel 14. des. 1900 og Washington 2. júní 1911. Þessir millirikjasamningar hafa einnig að geyma kröfur um viðtæki einkaleyfisverndunar í aðrar stefnur, t. d. að hún skuli vera hin sama fyrir útlendinga sem fyrir borgara landsins, og sömuleiðis, að ef einkaleyfi er ekki notað, þá skuli verndun þess þó ekki falla úr gildi fyr en að 3 árum liðnum, og það því að eins, að ekki sje færðar fullnægjandi ástæður fyrir því, að leyfið er ekki notað, sbr. niðurlag 8. gr. frumvarpsins.